

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2895 frá 20. nóvember 2024 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar *Listeria monocytogenes* ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2463 frá 12. september 2024 um greiningar-
aðferðir sem gilda um opinbert eftirlit sem er framkvæmt til að sannprófa
að stjórnendur matvælafyrirtækja fari að reglugerð (EB) nr. 2073/2005 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli.
Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er
varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og
Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til
Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í
I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn.
Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2895:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2895 frá
20. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2895, 21.11.2024)“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2895, 21.11.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2895/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2463, 13.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2463/oj

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005):

„— **32024 R 2895**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2895 frá 20. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2895, 21.11.2024).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005):

„54zzzja. **32024 R 2463**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2463 frá 12. september 2024 um greiningaraðferðir sem gilda um opinbert eftirlit sem er framkvæmt til að sannprófa að stjórnendur matvælafyrirtækja fari að reglugerð (EB) nr. 2073/2005 (Stjtið. ESB L, 2024/2463, 13.9.2024).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/2895 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2463, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.